



ALZHEIMER SAMTÖKIN Á ÍSLANDI

**Aðalfundur Alzheimersamtakanna
haldinn í Hátúni 10, 9. maí 2018, kl. 17:00**

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram, skýrðir og afgreiddir
5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda, skýrðir og afgreiddir
6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda
7. Skýrslur fagráðs og starfshópa
8. Lagabreytingar
9. Kosning stjórnar
10. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga, einn aðalman og einn varamann
11. Ákvörðun um árgjald
12. Önnur mál

1. Setning fundar.

Árni Sverrisson, formaður Samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Tillaga að fundarstjóra Bjarna Arhúrssyni og Helgu Sigurjónsdóttur sem fundarritara borin upp.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn. Fór yfir boðun fundarins sem metin var lögmæt.

3. Skýrsla stjórnar.

Árni Sverrisson, formaður, flytur skýrslu stjórnar. Sjá má [Ársskýrslu formanns starfsárið 2017-2018](#) á heimasíðu Alzheimersamtakanna.

4. Endurskoðaðir ársreikningar Samtakanna fyrir árið 2017 lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.

Formaður fór yfir ársreikninga félagsins.

5. Endurskoðaðir ársreikningar félagsdeilda fyrir árið 2017 lagðir fram, skýrðir og afgreiddir.

Formaður fór yfir ársreikninga félagsdeilda;

Fríðuhús-Dagbjálfun, Austurbrún 31, ársreikningur ársins 2017.

Drafnarhús – Dagbjálfun, Standgötu 75, ársreikningur ársins 2017.

Maríuhús- Dagbjálfun, Blesugróf 27, ársreikningur ársins 2017.

Fundarstjóri opnaði fyrir mælendaskrá um reikninga samtakanna og reikninga félagsdeilda.

Fyrirspurn úr sal: Kostnaður við vefsíðu var engin árið 2017 en var mun hærri árið 2016, óskað var skýringa á því.

Formaður greinir frá að kostnaður vegna heimasíðu árið 2016 skýrist af stofnkostnaði af heimasíðugerð Samtakanna, en farið var í að endurvinnna heimasíðuna frá grunni það ár.

Fyrirspurn kom um rekstrarlið „þjónusta annarra líknarfélaga“ Ákveðið var að svar fyrirspurninni undir önnur mál.

Ekki bárust fleiri fyrirspurnir úr sal.

Fundarstjóri bar upp til samþykktar ársreikninga Samtakanna og ársreikninga félagsdeilda sem voru samþykktir samhljóða.

6. Skýrslur forstöðumanna félagsdeilda.

Erla Einarsdóttir, forstöðumaður Drafnarhúss, fór yfir lykiltölur fyrir árið 2017 fyrir Fríðuhús, Drafnarhús og Maríuhús.

Engar fyrirspurnir komu frá fundarmönnum vegna skýrslna frá húsunum.

7. Skýrslur fagráðs og starfshópa.

Liður fellur niður. Fagráð hefur ekki verið starfandi í nokkur ár og starfshópur hefur ekki lokið störfum.

8. Lagabreytingar.

Liður fellur niður þar sem engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

9. Kosning stjórnar:

Árni Sverrisson, gefur áfram kost á sér til formanns til eins árs eða til 2019.

Brynjólfur Bjarnason gefur áfram kost á sér í aðalstjórn til ársins 2020. Var kosinn á aðalfundi 2016 til tveggja ára.

Fríða Proppé, sem setið hefur í varastjórn frá 2017, gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára.

Guðlaug Guðmundsdóttir gefur áfram kost á sér í varastjórn til eins árs.

Guðbjörg Alfreðsdóttir gefur kost á sér í varastjórn til eins árs.

Ekki bárust önnur framboð til stjórnar áður en framboðsfrestur rann út og er stjórn því sjálfkjörin.

Guðjón Brjánnson og Berglind Anna Magnúsdóttir voru kosin í aðalstjórn á aðalfundi 2017 til tveggja ára og sitja því í aðalstjórn til ársins 2019.

Helga Sigurjónsdóttir, gefur ekki kost á sér í aðalstjórn, var kosin á aðalfundi 2016 til tveggja ára.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga – kosnir til eins árs.

Í framboði eru Kristinn Jörundsson og Ragnheiður K. Karlsdóttir

Ekki bárust fleiri framboð og eru þau því réttkjörin.

11. Ákvörðun um árgjald.

Tillaga stjórnar er að árgjald verði óbreytt kr. 3000.-

Samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál.

Formaður tók til máls, þakkar traustið og kosningu til formanns næsta árs en hann er að hefja sitt fimmta starfsár. Segir starfið krefjandi en ánægjulegt og gleði að geta komið áleiðis góðu starfi til þeirra sem eru skjólstaðingar Samtakanna.

Formaður óskar nýrri stjórn til hamingju með kosningu og hlakkar til að takast á við verkefni næsta árs. Þakkar Helgu Sigurjónsdóttur fyrir störf í þágu Samtakanna.

Fyrirspurn sbr. lið 5 um þjónustugreiðslur líknarfélaga.

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, fræðslustjóri Samtakanna, greinir frá að aðsetur Samtakanna er í húsnæði sem nefnist Setrið og er þar öll aðstaða Samtakanna til húsa, skrifstofuaðstaða starfsmanna, aðstaða fyrir fræðslufundi og ráðgjafaviðtölin fara þar fram m.a. Samtökin deila þessu húsnæði með nokkrum öðrum félagasamtökum og eru þjónustugreiðslur vegna þessarar aðstöðu.

Fundarstjóri bauð upp á umræðu um skýrslu formanns.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði starfsmönnum Samtakanna fyrir undirbúning fundarins og gott starf.

Kleinur sem voru í boði á fundinum voru þakkaðar af heimilismönnum í Maríuhúsi, fundarstjóri þakkaði fyrir þann bakstur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.